

Tillögur Ungmennaráðs til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 2021

Tillaga 1. Ungmennaráð leggur til að ráðist verði í úrbætur á gangstéttum í Hafnarfirði

Staðan á gangstéttum í Hafnarfjarðarbæ er víða slæm. Víða eru sprungur og ójafnar stéttir sem geta valdið slyshættu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Mikilvægt er að gangstéttirnar séu aðgengilegar gangandi, hjólandi, fólki með barnavagna og fólki með hreyfihamlanir. Bær sem kennir sig við heilsueflandi samfélag verður að hafa þessa hluti í lagi.

Tillaga 2. Ungmennaráð leggur til að aðgengi að ókeypis tíðavörum verði tryggt í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar

Í mars 2021 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, að frumkvæði ungmennaráða Reykjavíkur, að bjóða nemendum upp á ókeypis tíðavörur í öllum grunnskólum og félagsmiðstöðvum borgarinnar. Frá árinu 2018 hefur tilraunaverkefni með ókeypis tíðavörur í tveimur skólum borgarinnar gefist vel og þykir þeim nemendum sem hafa blæðingar öryggi í því að geta gengið að tíðavörum vísu. Ungmennaráð hvetur bæjarstjórn Hafnarfjarðar til að fylgja frumkvæði Reykjavíkurborgar og bjóða upp á ókeypis tíðavörur í öllum grunnskólum bæjarins.

Tillaga 3. Ungmennaráð leggur til að hugað verði betur að líðan og andlegri heilsu ungmenna í bænum

Undanfarið eitt og háfltt ár hefur verið mörgum erfitt og margt sem bendir til þess að andleg heilsa ungmenna fari versnandi. Upplifun margra ungmenna er að námsálag í skólanum geri slæma stöðu enn verri. Ungmennaráð Hafnarfjarðar hvetur bæjarstjórn til að leita leiða til að draga úr námsálagi og grípa til aðgerða til að bæta andlega líðan ungmenna í Hafnarfirði.

Tillaga 4. Ungmennaráð leggur til að ráðist verði í endurskoðun á sundkennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar

Í bréfi til Mennta- og menningarmálaráðherra þann 18. júní síðastliðinn hvatti Umboðsmaður barna til þess að sundkennsla á unglíngastigi í grunnskólum verði endurskoðuð. Þar kom fram að í samtölum umboðsmanns við fjölbreyttan hóp barna um allt land hafa mörg börn kallað eftir því að gerð verði breyting á fyrirkomulagi sundkennslu í efstu bekkjum grunnskóla, m.a. með þeim hætti að sundkennsla verði gerð valkvæð að einhverju leyti. Sumir nemendur telja sig eiga erfitt með að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í sundtímum ásamt því að margir nemendur, sér í lagi hinsegin börn, hafa lýst upplifun sinni af einelti og áreitni í sundkennslu.

Tillaga 5. Ungmennaráð leggur til að boðið verði upp á myndlistanámskeið fyrir börn og ungmenni í Hafnarfirði

Hafnfirskir unglíngar hafa ekki nægan aðgang að myndlistanámi. Þau þurfa að sækja myndlistanámskeið til annarra sveitarfélaga. Þá bjóða ekki allir grunnskólar upp á myndlistakennslu upp að 10. bekk. Í Hafnarfirði er fjöldi hæfileikaríkra ungmenna sem geta ekki þroskað hæfileika sína vegna skorts á tækifærum. Bæta þarf aðgengi 12 til 16 ára ungmenna í Hafnarfirði að myndlistanámi.

Tillaga 6. Ungmennaráð leggur til að ráðist verði í úttekt á stöðu jafnréttisfræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar

Kynjafræðsla eykur vitund ungmenna um marg- og fjölbreytileika mannlífsins, auk þess sem hún stuðlar að heilbrigðum samskiptum kynja með áherslu á mikilvægi samþykkis og gagnkvæmrar virðingar í daglegu lífi. Það er mismunandi hversu mikil áhersla er lögð á jafnréttisfræðslu innan skólanna og mikilvægt að gerð verði úttekt á fræðslunni til að hægt sé að bæta hana þar sem þörf er á.

Tillaga 7. Ungmennaráð leggur til að ruslatunnum verði fjölgað í Hafnarfirði

Víða í Hafnarfirði, sérstaklega utan miðbæjarins, er skortur á ruslatunnum. Flestar ruslatunnurnar eru einnig þeirrar gerðar að þær fyllast fljótt og þola illa hamagang og skemmdarverk, s.s. með rakettum. Ráðast þarf í endurnýjun á ruslatunnum bæjarins og fjölga þeim um bæinn.

Tillaga 8. Ungmennaráð leggur til að aðstaða nemenda verði bætt í grunnskólum Hafnarfjarðar

Nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar hafa ekki nægilega góða aðstöðu til náms eða frítíma utan kennslustunda. Til dæmis í Víðistaðaskóla eru göt á borðum, stólar í kennslustofu eiga til að detta í sundur og í frímínútum eiga nemendur enga aðstöðu til að setjast niður nema á gólfinu. Nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar eiga betra skilið.